

110
18. maí

L Ö G

um afnám laga nr. 19 9. jan. 1935, um lántöku fyrir ríkissjóð.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur,
Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski,
Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Lög nr. 19 9. jan. 1935, um lántöku fyrir ríkissjóð, eru numin úr gildi.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Sorgenfrihöll, 18. maí 1935.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Eysteinn Jónsson.

111
18. maí

L Ö G

um breytingar á lögum nr. 22 6. okt. 1919, um hæstarétt, og lögum nr. 37
4. júní 1924, um breyting á þeim lögum.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur,
Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski,
Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Hæstarétt skipa 5 dómara, og er einn þeirra forseti dómsins. Konungur skipar dómarana, en þeir kjósa sér forseta til ekki skemmri tíma en árs í senn.